LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
STOFNAÐ 1949

Grænt letur = nýr texti
Rautt letur = Texti fellur brott
Svart letur = Óbreyttur texti

Þingskjal nr. __

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir breytingu á Reglum um gæðingakeppni um framkvæmd keppni.

Breytingartillaga við gr. 4.1 um framkvæmd keppni, 3. mgr.

Keppanda er frjálst að sýna gangtegundir í þeirri röð sem hann kýs. Hann ræður upp á hvora höndina hann hefur keppni og má skipta einu sinni um hönd í sýningu, þá á skammhlið. Keppandi hefur 3 hringi til umráða, þ.e. 6 langhliðar. Í A flokki er heimilt að nota beinu brautina einu sinni, í stað einnar langhliðar á hringvelli. Endi knapi sýningu á beinni braut, skal hann eftir 2,5 hring, enda hringvallarsýninguna á skammhlið og ríða svo ferjuleið út á enda beinu brautarinnar. Noti sýnandi beina braut áður en hann hefur lokið 2,5 hringjum á hringvelli, fer hann af miðri skammhlið, ferjuleið á enda beinnar brautar. Eftir að hafa farið beinu brautina ber honum að ríða inn á hringvöllinn ferjuleið á næstu skammhlið og ljúka svo sýningu á skammhlið. Óheimilt er að ríða baug á ferjuleið nema við hlið þegar farið er út af hringvellinum. Eftir að keppandi hefur hafið aðreið að skeiðsýningu er honum óheimilt að taka baug eða snúa við. Skal hann þá dæmdur úr leik. Endi keppandi sýningu á beinni braut, endar hann sýninguna við enda beinu brautarinnar. Knapi skal gefa til kynna með greinilegri höfuðhreyfingu að hann hafi lokið keppni.

Eftir að hafa lokið síðasta sýningaratriði verður knapi að hafa hægt á hesti sínum niður á fet fyrir miðja næstu langhlið. ~~Riðið skal stystu leið út af hringvellinum, að teknu tilliti til þess hvar hestur er kominn niður á fet eftir sýningu.~~Farið af hringvelli út um hlið, knapa er heimilt að riða hesti sínum í baug þar sem farið er út af hringvellinum.

Greinargerð:

Verið að samræma orðalag milli íþróttakeppni og gæðingakeppni. Fellt verður út að ríða skuli stystu leið út af vellinum til samræmingar við íþróttakeppnisreglur. Borið hefur á mistúlkun á því hvort ríða megi baug þegar riðið er út af hringvelli á leið í skeiðsprett. Með þessu verður skýrt að heimilt sé að ríða baug/hring þegar riðið er út af hringvelli.